

Föstudaginn 14. febrúar 1997.

Nr. 60/1997.

Tollstjórinn í Reykjavík

(Sigurjón Ingvason lögfræðingur)

gegn

Lárusi Halldórssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Vanreifun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómamarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. febrúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 10. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. janúar 1997, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um, að máli sóknaraðila á hendur honum yrði vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar, svo og, að varnaraðila verði gert að greiða málskostnað í héraði í þessum þætti málsins og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar.

Fyrir kröfu varnaraðila um frávísun málsins frá Hæstarétti hafa engin viðhlítandi rök verið færð. Verður krafan því ekki tekin til greina.

Samkvæmt héraðsdómsstefnu höfðaði sóknaraðili málið til heimtu skuldar, sem hann telur varnaraðila standa í vegna ógreidds launaskatts frá árunum 1986 til 1989. Í greinargerð varnaraðila fyrir héraðsdómi var aðallega krafist frávísunar málsins með þeim rökum, sem greinir í hinum kærða úrskurði, en til vara sýknu. Var síðarnefnda krafan eingöngu reist á þeirri málsástæðu, að kröfur sóknaraðila væru fyrndar.

Í ljósi þess, sem að framan segir um málsástæður varnaraðila fyrir sýknukröfu, er hvorki þörf á gögnum í málinu um gjaldstofna né

önnur atriði, sem álagning launaskatts á hendur honum hefur tekið mið af, né um niðurfellingu á hluta álagðra gjalda, sem sóknaraðili greinir frá í málatilbúnaði sínum. Þá verður ekki heldur séð af þessum sökum, að það geti staðið í vegi efnismeðferð málsins, að frumgögn kunni að vanta frá sóknaraðila fyrir ráðstöfun innborgana á skuld varnaraðila, enda verður þá sóknaraðili að bera hallann af skorti sönnunargagna að því leyti, sem þau kunna að skipta máli um, hvort rofin hafi verið fyrning á kröfu hans á hendur varnaraðila.

Samkvæmt framansögðu eru ekki efni til að fallast á röksemdir héraðsdómara fyrir frávísun málsins. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá verður varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði í þessum þætti málsins og kærumálskostnað, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili, Lárus Halldórsson, greiði sóknaraðila, tollstjóranum í Reykjavík, samtals 50.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. janúar 1997.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 15. þessa mánaðar að loknum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda, er höfðað með stefnu, þingfestri 18. júní 1996.

Stefnandi er tollstjórinn í Reykjavík, kt. 650269-7649, Tryggvagötu 19, Reykjavík.

Stefndi er Lárus Halldórsson, kt. 120145-2829, Skólastræti 5, Reykjavík.

Í máli þessu gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 290.864 kr., ásamt dráttarvöxtum [...]. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og til þrautavara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefndi úrskurðaður til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins í þessum þætti málsins.

IV.

Svo sem áður greinir, er krafa stefnanda annars vegar byggð á vangoldnum launaskatti stefnda árin 1987 og 1988, sem lagður hafi verið á af skattstjóranum í Reykjavík árin 1988 og 1989 samkvæmt heimild í 1. gr. laga um launaskatt nr. 14/1965, sbr. 3. gr. laga nr. 5/1982 um breyting á þeim lögum.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1982 skyldi leggja á launagreiðendur almennan launaskatt, 3½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum.

Eigi verður ráðið af gögnum málsins, á hvaða gjaldstofnum ofangreind álagning á launaskatti var reist hvort tímabil um sig, þar sem álagningar-seðlum er þar ekki til að dreifa.

Hins vegar miðar stefnandi við álagningu launaskatts af hálfu skattstjórans í Reykjavík árin 1984, 1985, 1986, 1987 og 1988 samkvæmt heimild í 4. gr. nefndra laga nr. 14/1965, sbr. a-lið 6. gr. laga nr. 5/1982, en þar er kveðið á um heimild skattstjóra til að ákveða launaskatt af reiknuðu endurgjaldi, sem manni með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ber að telja sér, maka sínum og börnum til tekna samkvæmt 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981.

Á sama hátt og áður greinir um álagningu launaskatts samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1982, er eigi að finna í málinu frumgögn þau, er skattstjóri fór eftir við ofangreinda álagningu samkvæmt a-lið 6. gr. laga nr. 5/1982.

Með stefnu, þingfestri 2. júní 1994, höfðaði stefnandi mál á hendur stefnda vegna vangoldins launaskatts á ofangreindu tímabili, samtals að fjárhæð 496.614 kr. Var það mál fellt niður í þinghaldi 21. júní 1995. Segir í stefnu máls þessa, að ástæðan fyrir niðurfellingunni hafi verið sú, að kröfugerð stefnanda „breyttist mikið vegna niðurfellinga og breytinga á skattálagningu stefnda. . . .“

Aftur var stefnt 13. september 1995 vegna skuldarinnar, sem þá hafði verið færð niður í stefnufjárhæð þá, er um ræðir í máli þessu, en það mál var fellt niður 15. janúar 1996 að kröfu stefnda vegna útivistar stefnanda.

Af málatilbúnaði stefnanda er ekki ljóst, um hvaða niðurfellingar á álagningu launaskatts hafi verið að ræða og á hvaða grunni þær hafi verið reistar og hvað ráði því, að eftir standi krafa sú, er mál þetta er sprottið af.

Af hálfu stefnda voru 30.000 kr. greiddar inn á kröfuna 11. júní 1990, eins og hún stóð þá að mati stefnanda. Þá var 89.682 kr. virðisaukaskattsinn eign

stefnda ráðstafað einhliða inn á kröfuna 12. mars 1993 og 118.852 kr. sams konar inneign 25. apríl 1994.

Í stefnu er gerð grein fyrir því, hvernig þessum innborgunum, samtals að fjárhæð 238.534 kr., hafi verið ráðstafað, án þess þó að ráðið verði af frumgögnum, að svo hafi verið sem stefnandi lýsir.

Þegar allt framangreint er virt, verður að telja, að slíkir annmarkar séu á reifun málsins og kröfugerð stefnanda, að til frávísunar leiði. Ber því að fallast á kröfu stefnda þar um.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi úrskurðaður til greiðslu málskostnaðar, er telst hæfilega ákveðinn 50.000 kr.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, tollstjórinn í Reykjavík, greiði stefnda, Lárusi Halldórs-syni, 50.000 kr. í málskostnað.
